

Úthlutunarreglur DalaAuðs

Endurskoðaðar og útgefnar í nóvember 2024

1. Umsóknum skal skilað rafrænt á þar til gerðu eyðublaði.
2. Verkefnin sem sótt er um styrk til, þurfa fyrst og fremst að vera til þess fallin að efla samfélagið í Dalabyggð.
3. Umsækjendum er heitið trúnaði um það sem fram kemur í umsóknum og varðar verkefnið sem sótt er um styrk til meðan á umsóknarferlinu stendur. Að úthlutun lokinni verður birtur opinberlega listi yfir styrkt verkefni ásamt stuttri lýsingu, styrkuppþæð og nöfnum styrkþega.
4. Verkefnið eða sá hluti sem styrktur er skal að jafnaði ekki standa yfir lengur en í eitt ár. Sé um að ræða langtímaverkefni skal gera grein fyrir áföngum í verkefninu og óska einungis eftir styrk fyrir þeim hluta sem áætlað er að ljúka innan 12 mánaða frá undirritun samnings um styrkveitinguna.
5. Samningur er gerður um sérhverja styrkveitingu. Hafi samningur ekki verið undirritaður við styrkþega innan þriggja mánaða frá tilkynntri úthlutun fellur styrkveitingin sjálfkrafa niður.
6. Styrkir greiðast út samkvæmt samningi og eru greiddir í tvennu lagi. Helmingur styrks er greiddur út í upphafi verkefnis, eftir undirritun samnings. Lokagreiðsla fer fram þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt af Byggðastofnun.
7. Þegar úthlutun hefur verið kunnngjörð er um að ræða endanlega niðurstöðu. Ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum.
8. Ekki er krafist mótframlags umsækjenda.
9. Við mat á umsóknum verður tekið mið af hversu vel verkefnið fellur að verkefnisáætlun DalaAuðs.
10. Horft verður einnig til þess hvort:
 - Útkoma verkefnisins nýtist sem flestum í byggðalaginu.
 - Verkefnið leiði til atvinnusköpunar til framtíðar.
 - Útfærsla verkefnisins sé líkleg til árangurs og þekking/reynsla sé til staðar.
 - Markaðs- og rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar.
 - Áhrifa verkefnisins gæti fyrst og fremst í samfélaginu í Dalabyggð.
 - Verkefnið hvetji til samstarfs og samstöðu.
 - Styrkveiting hafi mikil áhrif á framgang verkefnisins.
 - Hvort verkefni trufli samkeppni á svæðinu.
11. Ef fyrir liggur að verkefni umsóknaraðila raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði er heimilt að styrkja stofnfjárfestingu í aðstöðu, þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru forsenda fyrir framleiðslu afurða og þjónustu.
12. Samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, samþykkir umsækjandi að verkefnisstjórn DalaAuðs afli og vinni með persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fjalla um og greina umsókn.
13. Verði misbrestur á eða önnur skilyrði verkefnisstjórnar fyrir styrkveitingu eru ekki uppfyllt er heimilt að fara fram á endurgreiðslu styrksins.

Almennar styrkjareglur Brothættra byggða má finna í heild sinni hér:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklysings/bb2-vidauki-v-styrkir-utg-2.4-agust-2022.pdf